

Alþingi
Erindi nr. Þ 139/96S
komudagur 14.12.2010



Sveitarfélagið
ÁLFTANES

Skrifstofa Alþingis
b.t. nefndarsviðs
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Álftanesi 10. desember 2010.

256. mál

Efn: Umsögn um frumvarp til laga breytingar á lögum um málefni fatlaðra, þskj. 298, 2010.

Eins og fram kemur í athugasemdum með ofangreindu frumvarpi hafa sveitarfélögin í landinu og ríkið gert með sér samkomulag um að fagleg og fjárhagsleg ábyrgð á framkvæmd þjónustu við fatlað fólk flytjist frá ríki til sveitarfélaganna. En eins og segir í athugasemdum með frumvarpinu er það meginmarkmiðið með tilfærslunni að stuðla að samþættingu félagslegrar þjónustu við íbúa sveitarfélaganna og stuðla að heilstæðri og bættri þjónustu við þá sem þurfa á þjónustunni að halda í daglegu lífi. Um leið og talið er að sveitarfélögin séu betur í stakk búin til að laga félagslega þjónustu að hverjum og einum einstaklingi.

Gildandi lög eru komin til ára sinna og að margra mati kominn tími til endurskoðunar á lögnum, þó svo að heildstæð endurskoðun á lögnum hafi ekki verið gerð nú, þá er mikilvægt að henni verið hraðað eins og kostur er.

Að mati Félagsmálanefndar Álftaness eru þær breytingar sem gerðar eru í frumvarpinu framfaraspor í þágu fatlaðra þar sem framkvæmd og uppbygging þjónustu við fatlaða er komin á hendur einum aðila þ.e. sveitarfélögunum í landinu. Það er mat nefndarinnar að þessar breytingar komi til með að veita sveitarfélögunum í landinu tækifæri til þess að bæta og efla þjónustuna auk þess sem hún gæti orðið hagkvæmari á marga hátt frá því sem verið hefur. Breytingin gerir það að verkum að sú togstreita sem verið hefur á milli ríkis- og sveitarfélaga um veitingu þjónustunnar hverfur að margra mati og það gerir þeim sem þurfa á þjónustunni að halda auðveldara fyrir að sækja hana þar sem um einn aðila er að ræða sem skal veita hana. Ennfremur að þessi breyting feli í sér allir íbúar sveitarfélagsins eru jafnir gagnvart þeirri þjónustu sem þeir þurfa á að halda, hvort sem þeir eru fatlaðir eða ófatlaðir.

Ljóst er að sveitarfélögin í landinu eru misjafnlega undirbúin bæði faglega og fjárhagslega til þess að taka við málaflokknum. Þjónustusvæðin sem mynda á með lögnum munu eiga að tryggja þá þjónustu sem fatlaðir einstaklingar eiga rétt á samkv. lögum þessum. En það er

mikilvægt í öllum þessum breytingum að tryggja þjónustuna þeim til handa sem þurfa á henni að halda.

Hvað varðar yfirfærsluna er mikilvægt að tryggja að sú þjónusta sem veitt er hjá sveitarfélögunum verði hin sama/og eða svipuð hvar sem er á landinu. Þannig að búseta manna hafi ekki áhrif á þá þjónustu sem veitt er. Til þess að þetta megi er mikilvægt að tryggja eftirlitið með þjónustunni. Því er mikilvægt að sú eftirlitsstofnun sem stefnt er að setja á fólk hefji starfssemi sína hið fyrsta. Ennfremur er mikilvægt að tryggja alla réttindagæslu fyrir hina fötluðu með skipun réttindagæslumanna.

Hvað varðar þá tillögu sem fram kemur í frumvarpinu um notendastýrða þjónustu er það mat nefndarinnar að sú þjónusta geti nýst mörgum einstaklingum og sé mikið framfaraspor í að veita einstaklingsbundna þjónustu á heildstæðan hátt.

Sú breytingin sem lögð er til í 5. gr. frumvarpsins um að einstaklingar geti kært ákvarðanir um veitingu þjónustunnar til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála er að mati Félagsmálanefndar Álftaness mikið framfaraspor í réttindagæslu fatlaðra auk þess sem að slíkt tryggi að sú þjónusta sem veitt er í landinu verði sambærileg hvar sem þú býrð á landinu.

Hvað varðar húsnæðismál fatlaðra er ljóst að uppbyggingin þess málaflokks á eftir að verða mikil í ljósi þeirra biðlista sem eru fyrir húsnæði fyrir fatlaða í dag. Erfitt geti reynst að tryggja framboð á húnæði sé til staðar jafnframt því að veita þá þjónustu sem hinn fatlaði þarf á að halda.


Hvað varðar atvinnumál fatlaðra er það mat nefndarinnar að þau eigi að fara til Vinnumálastofnunar um leið og málaflokkurinn flytjist til sveitarfélaganna, þar sem sú breyting sem verið er að gera hefur það að markmiði að fatlað fólk fái sömu þjónustu hjá sömu stofnunum og hinir ófötluðu. Enn atvinnumál fatlaðra falla undir vinnumarkaðsaðgerðir og eru því hluti af verkefnum Vinnumálastofnunar. Ljóst er að sá umsýslukostnaður og undirbúningur sem fylgja mun því að atvinnumálin flytjist til sveitarfélaganna er betur varið með því að láta þann kostnað fylgja þeim breytingum að málaflokkurinn fari strax til Vinnumálastofnunar eins og gert hefur verið ráð fyrir í mörg ár. Ekki er ljóst hver hinn faglegi og fjárhagslegi ávinningur verði af því að sveitarfélögin taki við málaflokki í eitt ár og síðan verði hann fluttur til Vinnumálastofnunar.

Hvað varðar 30. gr. frumvarpsins þá telur nefndin mikilvægt að leitað verði upplýsinga um þá er ráða sig til vinnu með fötluðum hjá Sakaskrá Íslands. En margir af þeim sem þurfa á aðstoða að halda þurfa á reiða sig á áreiðanleika og um leið heiðarleika þess sem sinnir þjónustunni. Í sumum tilvikum er að ræða fólk með greinargerðinu og/eða aðra fötlun sem hefur áhrif á hæfni m.a. til ákvarðanatöku er varðar ýmis persónulega málefni. Því ber yfirvöldum að reynt að tryggja öryggi þjónustuþegans fyrir hugsanlegri hættu sem fylgt gæti ráðningu einstaklings sem brotið hefur gegn ákveðnum lögum. Rétt er að gera sömu kröfu til þeirra er vinna með fatlaða einstaklinga og þeirra sem vinna með börn og unglíngum. Þeirra sem veita þjónustuna ber að hafa hagsmuni og velferð þjónustuþegans að leiðarljósi.


Hvað varðar 32. gr. frumvarpsins vill nefndin lýsa ánægju sinni með þá heimild til handa ráðherra að koma með leiðbeinandi reglur um einstaka þjónustuþætti til þess að tryggja samræmi í þjónustunni, en um leið að slíkt hafi ekki hamlandi áhrif á þróun þjónustunnar.

Að lokum vill nefndin koma á framfæri að yfirfærsla málaflokksins gefi sveitarfélögunum í landinu tækifæri til þróunar þjónustunnar með hliðsjón af ólíkum aðstæðum, auki tækifæri til samþættingu nærþjónustunnar við þarfir íbúanna, auk þess sem dregið er úr þeirri skörun sem hefur verið í málaflokknum um hvort það sé hlutverk ríkis eða sveitarfélaga að veita tiltekna þjónustu. Aftur á móti vill nefndin lýsa yfir áhyggjum sínum af fjárhagslegri hlið þessa máls þ.e. að ríkið tryggi sveitarfélögunum það fjármagn sem nauðsynlegt er til þess að veita góða og faglega þjónustu notendum hennar til heilla.

Virðingarfyllt
f.h. Félagsmálanefndar Álftaness



Guðrún Hrefna Sverrisdóttir
Yfirfélagsráðgjafi



Hjördís Gísladóttir
Formaður Félagsmálanefndar Álftaness.